

Hornafjarðarbær
Haukur Ingi Einarsson
780 Hornafirði

Umhverfisstofnun
Áb. _____
13 FEB. 2009 54. 22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. febrúar 2009
Tilvísun: UST20090100160/bs

Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar - Vegstæði yfir Hornafjarðarfljót.

Vísað er til bréfs Hornafjarðarbæjar dags. 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar breytingar á aðalskipulagi.

Breytingin tekur til þriggja megin atriða:

1. Legu Hringvegur nr. 1 milli Hólms á Mýrum og Skarðshóla í Nesjum og tengingu við hann.
2. Efnistökusvæða, sem fyrirhugað er að nýta við byggingu hins nýja vegar.
3. Þverbrautar sem fyrirhuguð er við Hornafjarðarflugvöll.

Legu Hringvegur: Umhverfisstofnun telur að sú legu Hringvegur sem hér um ræðir sé sama og kölluð hefur verið leið 3b. Umhverfisstofnun bendir á fyrri umsögn stofnunarinnar um leið 3b í bréfi til Vegagerðarinnar dags. 2. desember 2008, en þar segir m.a.: "Umhverfisstofnun telur leið 3b betri kost en leið 3 þar sem veglagning norðan og vestan Skarðsfjarðar ofan fjöruborðs raskar ekki náttúruverndargildi svæðisins að mati Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun ítrekar að vegna umhverfisáhrifa er leið 1 ásættanlegasta leið Hringvegur 1 um Hornafjörð."

Efnistökusvæði: Um flest þeirra efnistökusvæða sem hér um ræðir var fjallað í mati á umhverfisáhrifum vegagerðar um Hornafjarðarfljót. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þau svæði. Hins vegar vill stofnunin benda á að ekki var fjallað um umhverfisáhrif efnistöku í Almannaskarði, enda var ekki gert ráð fyrir að nýta efni úr þeirri námu í umrædda framkvæmd.

Umhverfisstofnun hefur áður bent á að efnistaka úr fjallhlíðum við Hornafjörð eins og t.d. í námunni Friðsæld hafa veruleg neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnunin telur að ekki eigi að fjölga slíkum efnistökusvæðum. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að setja umrædda námu í Almannaskarði á aðalskipulag Hornafjarðar vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.

Þverbraut á Hornafjarðarflugvelli: Gert er ráð fyrir að afmá þetta mannvirki af gildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þá fyrirætlun.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Halti Guðmundsson

Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri